

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um verzlun með tilbúinn áburð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Samband isl. samvinnufélaga taka í sínar hendur einkasölu á tilbúnum áburði frá 1. jan. 1935. Frá þeim tíma er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja tilbúinu áburð frá útlöndum til allra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á, þó aldrei yfir 20 krónur á tonn. Ákvæði þetta gildir til ársloka 1937.

3. gr.

Áburðurinn er ekki seldur öðrum en hrepps- og bæjarfélögum, búnaðarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum. Heimild er að leggja á áburðinn þann kostnað, sem af verzluninni með hann leiðir, umfram farmgjöld þau, sem um ræðir í 2. gr. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sé greiddur við móttöku.

4. gr.

51

28. jan.

Heimilt er ríkisstjórninni að fela Sambandi ísl. samvinnufélaga, eða öðrum aðila er henta þykir, rekstur áburðarsölu ríkisins, og leggja fram eða ábyrgjast fé, er til þess þarf. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin reglur um rekstur verzlunarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 52 frá 7. maí 1928 og lög nr. 12 frá 6. júlí 1931.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

52

28. jan

um breyting á lögum nr. 21 22. okt. 1912, um sölu á eggjum eftir þyngd.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Orðin „nema kaupandi og seljandi komi sér saman um sölu eftir tölu“ í 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.